



Grant Thornton

An instinct for growth™



# Reykjanesbær

Endurskoðunarskýrsla vegna endurskoðunar ársreiknings 2020

18. maí 2021





# Grant Thornton

An instinct for growth™

18. maí 2021

Bæjarstjórn og bæjarstjóri Reykjanesbæjar  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbæ  
kt. 470794-2169

Skýrsla þessi er gerð í tengslum við vinnu okkar við endurskoðun á ársreikningi Reykjanesbæjar vegna ársins 2020. Við munum árita hann samhliða afgreiðslu og áritun bæjarstjórnar við síðari umræðu með fyrirvaralausri áritun, komi ekki fram mikilvægar upplýsingar sem gætu haft áhrif á álit okkar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Reykjanesbæjar á árinu 2020, efnahag sveitarfélagsins 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og aðrar reglur um reikningsskil sveitarfélaga.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**  
**Suðurlandsbraut 20**  
**108 Reykjavík**

Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits er varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni á innra eftirliti samstæðunnar. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Sturla Jónsson og Theodór S. Sigurbergsson árita ársreikning sveitarfélagsins fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf. Báðir eru löggiltir endurskoðendur og eigendur hjá Grant Thornton.

Grant Thornton endurskoðun ehf. var kosið endurskoðunarfyrirtæki Reykjanesbæjar á árinu 2015 til 5 ára. Er því lokið endurskoðun á fimmta ársreikningi tímabilsins.

f.h. Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Theodór S. Sigurbergsson  
Löggiltur endurskoðandi

J. Sturla Jónsson  
Löggiltur endurskoðandi

# Kafli 1

## Um endurskoðunina og helstu áherslur



# Um endurskoðunina



## Rammi endurskoðunar

Endurskoðendur og störf þeirra heyra undir lög nr. 79/2008 um endurskoðendur. Endurskoðendum ber að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) og alþjóðlegan staðal um gæðaeftirlit. Einnig berum við skyldur samkvæmt, sveitarstjórnarlögum, lögum um ársreikninga og öðrum sérlögum.

Öllum aðildarfélögum Grant Thornton International Ltd. er skylt að starfa eftir sömu aðferðafræði. Aðferðafræðin byggir á alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum. Auk þess nota aðildarfélög Grant Thornton sama skjölunarkerfi.

## Óhæðismál

Grant Thornton endurskoðun ehf. er óháður endurskoðandi félagsins. Hluti af upphafsáðgerðum okkar er að meta hvort aðstæður séu fyrir hendi sem ógna óhæði okkar.

Allir meðlimir endurskoðunarteymisins hafa skrifað undir óhæðisýfirlýsingu gagnvart sveitarfélaginu.

## Ráðningarbréf

Við höfum útbúið ráðningarbréf vegna endurskoðunar reikningsársins 2020 og fengið undirritað af bæjarstjóra.



## Fundir með stjórnendum, lykilstarfsmönnum og bæjarráði

Við funduðum með helstu stjórnendum og lykilstarfsmönnum sveitarfélagsins meðan á endurskoðuninni stóð. Á þessum fundum höfum við farið yfir starfsemi og ferla Reykjanesbæjar ásamt athugasendum og ábendingum sem upp hafa komið.



## Framsetning ársreiknings

Starfsemi Reykjanesbæjar er skipt í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst Aðalsjóður, Eignasjóður og Umhverfismiðstöð. Til B-hluta teljast þau fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Grant Thornton endurskoðun ehf. eru kjörnir endurskoðendur Reykjaneshafnar auk Reykjanesbæjar. Þá erum við jafnframt kjörnir endurskoðendur Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. sem telst þó utan B-hluta. HS Veitur hf. og Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. eru endurskoðuð af öðrum endurskoðendum en önnur B-hluta félög eru ekki endurskoðuð.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög og reglugerðir um framsetningu og ársreikninga sveitarfélaga. HS Veitur hf. gerir ársreikninga sína í samræmi við Alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS en reikningsskil félagsins eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A- og B-hluta.

# Um endurskoðunina



## Mikilvægismörk endurskoðunarinnar

Mikilvægismörk eru einn af grunnþáttum endurskoðunar en þau marka umfang endurskoðunaradgerða.

Heildarmikilvægismörk A- og B-hluta höfum við ákvarðað 1% af heildareignum eða 722 millj.kr. og sérstök mikilvægismörk sem dreift er yfir einstaka liði nema 541 millj.kr.

Heildarmikilvægismörk A-hluta höfum við ákvarðað 1% af heildareignum eða 360 millj.kr. og sérstök mikilvægismörk sem dreift er yfir einstaka liði nema 270 millj.kr.

## Helstu áhersluatriði og áhættuþættir

Endurskoðun er áhættumiðuð. Í því felst að okkur ber að skilgreina og tilgreina í hvaða liðum reikningsskilanna og í hvaða staðhæfingum áhætta á rangfærslum sé helst að finna. Þar sem veruleg áhætta á rangfærslum í reikningsskilunum liggur fyrir ber okkur að bregðast sérstaklega við með viðeigandi endurskoðunaradgerðum.

Helstu áhættuþættir sem skilgreindir voru við endurskoðunina eru:

- Innlausn skatttekna og þjónustutekna
- Nákvæmni og tilvist varanlegra rekstrarfjármuna
- Fjárhagsleg endurskipulagning Reykjaneshafnar
- Viðskipti við tengda aðila innan samstæðu
- Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti



## Veikleikar í innra eftirliti

Við endurskoðun okkar höfum við aflað okkur þekkingar á rekstrarumhverfi og innra eftirliti sveitarfélagsins. Ef við verðum vör við verulega ágalla í innra eftirliti ber okkur að upplýsa bæjarstjórn um slíka ágalla skriflega og er þá gerð grein fyrir þeim í þessari skýrslu. Þá höfum við tekið saman ýmsar ábendingar og athugasemdir er varðar innra eftirlit og ferli við gerð reikningsskila og komið á framfæri við stjórnendur. Sjá nánar í kafla 4.



## Óleiðréttar skekkjur

Skekkjur fundust við endurskoðun okkar sem reyndust yfir skráningarmörkum og hafa ekki verið leiðréttar í reikningsskilunum. Skekkjurnar eru ekki þess eðlis að hafa áhrif á álit okkar á reikningsskilunum, hvorki samanlagðar né einar og sér. Þeim hefur verið safnað saman á lista sem lagður er fyrir stjórnendur til upplýsinga og staðfestingar.

Samanlögð skekkja er í rekstrarniðurstöðu A-hluta sem nemur 150,4 millj.kr. hagnaður er ofmetinn um þá fjárhæð. Þá eru eignir vanmetnar um 41,3 millj.kr..

Samanlögð skekkja er í rekstrarniðurstöðu A- og B-hluta sem nemur 184,7 millj.kr. hagnaður er ofmetinn um þá fjárhæð. Þá eru eignir vanmetnar um 7,0 millj.kr..

Óleiðréttar skekkjur tengjast helst lotun tekna.



# Helstu áherslur við endurskoðun

## Innlausn tekna

Við endurskoðun sveitarfélagsins er sérstök áhersla lögð á innlausn tekna. Tekjum sveitarfélagsins má gróflega skipta í þrennt, skatttekjum, framlagi jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og þjónustutekjum og öðrum tekjum B-hluta félaga. Tekjur skiptast svo:

	2020	2019	%
Útsvar	10,5	10,3	1%
Fasteignaskattar	1,6	1,5	3%
Lóðarleiga	0,3	0,3	10%
<b>Skatttekjur samtals</b>	<b>12,4</b>	<b>12,2</b>	<b>2%</b>
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	3,2	2,6	20%
Þjónustutekjur	1,8	1,8	3%
Reiknuð tekju færsla vegna leigusamninga	0,0	0,7	-
<b>Tekjur A-hluta samtals</b>	<b>17,4</b>	<b>17,3</b>	<b>0%</b>
HS Veitur hf.	7,2	8,0	-10%
Reykjaneshöfn	0,2	0,3	-39%
Fráveita	0,5	0,5	0%
Önnur félög	0,4	0,4	0%
Milliviðskipti	-0,6	-1,2	-48%
<b>Tekjur A- og B-hluta samtals</b>	<b>25,0</b>	<b>25,3</b>	<b>-1%</b>

Við endurskoðun á tekjum höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum, þ.a.m. afstemmingum tekjuskráningu við ytri upplýsingar. Þá höfum við prófað ákveðna eftirlitsþætti er snúa að skráningu tekna. Við höfum beitt gagnaendurskoðunaraðgerðum þar sem við höfum m.a. beðið um staðfestingu ákveðinna viðskiptavina á veltu og viðskiptastöðu um áramót eða staðfest viðskiptastöðu með öðrum hætti.

Meðal annarra tekna eru greiðslur frá Vinumálastofnun vegna þátttöku í launakostnaði vegna námsmannaátaksstyrks og nema þær 109 m.kr.

Við höfum einnig framkvæmt greiningaraðgerðir út frá magn- og verðaukningu þar sem við höfum borið saman væntingar okkar við raunverulega tekjuskráningu.

Þá höfum við beint endurskoðunarfyrirmælum til ytri endurskoðenda HS Veitna hf. en þeir hafa lagt sérstaka áherslu á endurskoðun tekna, þ.a.m. athugun á tekjuskráningarferli, athugun á gjaldskrá félagsins og eftirlit með álestri á mælum.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru stærsti einstaki efnahagsliðurinn og nemur 24,9 ma.

	2020	2019	% a.
Reykjanesbær*	24,9	22,1	12%
HS Veitur hf.	28,2	27,4	3%
Reykjaneshöfn	2,3	2,3	0%
Nesvellir	1,2	1,3	-1%
Fráveita	0,9	0,9	0%
Önnur félög	2,9	1,0	187%
<b>Varanlegir rekstrarfj. og óefnislegar eignir</b>	<b>60,4</b>	<b>55,0</b>	<b>10%</b>

\*inniheldur eignir í eigu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf

Við förum yfir ferli við eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna. Við prófuðum valdar eftirlitsaðgerðir er snúa að eignfærslum og staðfestum réttmæti eignfærslna með úrtaksprófunum.

Við framkvæmdum greiningaraðgerðir er snúa að fyrningarskrám ásamt því að endurreikna fyrningar. Þá lögðum við mat á forsendur stjórnenda um líftíma eigna.

# Helstu áherslur við endurskoðun

## Varanlegir rekstrarfjármunir frh.

Þá höfum við beint endurskoðunarfrýrmælum til ytri endurskoðenda HS Veitna hf. en þeir hafa lagt sérstaka áherslu á endurskoðun varanlegra rekstrarfjármuna, þ.a.m. eignfærslum ársins og framkvæmd virðisrýrnunarprófs á verðmæti varanlegra rekstrarfjármuna.

Við endurskoðun ársins höfum við sérstaklega yfirfarið endurmat eigna í samanteknum reikningsskilum A- og B-hluta er tengist Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf., sjá nánari umfjöllun á bls. 19.

## Fjárhagsleg endurskipulagning Reykjaneshafnar

Fjárhagsstaða Reykjaneshafnar hefur lengi verið slæm en endurskipulagning á fjármálum hennar hefur staðið yfir undanfarin ár. Þrátt fyrir fjárhagslega endurskipulagningu hafnarinnar leikur enn vafi á rekstrarhæfi hennar sökum hárra skulda við bæjarsjóð.

Endurskoðunaraðgerðir okkar er varðar forsenduna um rekstrarhæfi fólust í yfirferð á þeim áætlunum sem lagðar hafa verið til grundvallar fjárhagslegri endurskipulagningu hafnarinnar, réttmæti þeirra áætlana, áreiðanleika og helstu áhrifaþátta. Við yfirferð okkar höfum við lagt mat á hvort beiting forsendunnar um rekstrarhæfi sé viðeigandi. Þá höfum við sérstaklega yfirfarið þær skýringar sem eru að finna í ársreikningnum, ásamt upplýsingum í áritun stjórnar, og lagt mat á hvort þær uppfylli ákvæði ársreikningalaga.

## Viðskipti við tengda aðila

Reykjanesbær á nokkur viðskipti við B-hluta fyrirtæki, sem einnig eiga í viðskiptum sín á milli. Viðskipti við tengda aðila náðu meðal annars til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og álagningar opinberra gjalda, sem og annarra þjónustusamninga og eignakaupa.

Stærstu einstöku viðskipti milli tengdra aðila á árinu er uppgjör bæjarsjóðs á skuldum Eignarhaldsfélagsins Fasteignar ehf. og kaup á hluta af eignum félagsins í framhaldi.

Endurskoðun okkar á viðskiptum við tengda aðila felst í yfirferð á stærstu hreyfingum og afstemmingum á viðskiptastöðum milli félaga. Þá höfum við einnig kannað hvort einstök viðskipti eða ákvæði þjónustusamninga séu í öllum meginatriðum sambærileg og við ótengda aðila.

## Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti

Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber endurskoðendum að ganga út frá því að áhættan sé fyrir hendi að stjórnendur kunni að sniðganga innra eftirlit. Við höfum því framkvæmt endurskoðunaraðgerðir sem viðbrögð við þeirri áhættu.

Helstu aðgerðir snúa að dagbókarfærslum, s.s. yfirferð á óhefðbundnum færslum og greiningu á færslum sem gætu verið vísbendingar um sviksemi. Þá er sniðganga stjórnenda í innra eftirliti alltaf höfð til hliðsjónar við yfirferð á matskenndum liðum reikningsskilanna. Þá höfum við einnig skipulagt aðgerðir við endurskoðun launa sem m.a. eru viðbrögð við þessari áhættu.

# Kafli 2

## Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs






# Rekstrarreikningur bæjarsjóður

## Helstu niðurstöður rekstrarreiknings bæjarsjóðs

- Rekstrarafgangur bæjarsjóðs nam 82,6 millj.kr. á árinu samanborið við 5,3 ma.kr. afgang árið áður.
- Skatttekjur nema 12,4 ma.kr, hækka um 2% milli ára. Útsvarstekjur sveitarfélagsins hafa aukist um 1,4% milli ára, Fasteignaskattar hafa aukist um 3% milli ára.
- Framlag jöfnunarsjóðs nemur 3,2 ma.kr. og eykst um 20% milli ára. Hækkun framlagsins er meðal annars tilkomin vegna breyttra aðferða við innlausn en einnig er umtalsverð hækkun á tekjufélagarframlagi og almennum framlögum.
- Aðrar tekjur nema 1,8 ma.kr. á árinu, samanstanda af þjónustutekjum og eignatekjum. Á síðasta ári er færð meðal tekna 738,7 millj.kr. tekjufærsla vegna uppgjors á leiguskuldbindingum við Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf.
- Laun og launatengd gjöld aukast um 20% milli ára, helst í hendur við hækkun á meðalfjölda stöðugilda sveitarfélagsins og launahækkanir í kjölfar nýsamþykkrá kjarasamninga. Stöðugildum fjölgaði um 14% á árinu 2020.
- Annar rekstrarkostnaður samanstendur af vöru- og þjónustukaupum sem og styrkjum og framlögum og nemur 6,3 ma.kr., eykst um 14% milli ára.
- Hrein fjármagnsgjöld nema 1,0 ma.kr. samanborið við 1,1 ma.kr árið á undan ef horft er framhjá 2,7 ma.kr. uppgreiðsluhagnaði af kröfu á hendur Fagfjárfestasjóðnum ORK sem bókfærð var meðal fjármagnstekna á síðasta ári.

<i>i ma.kr.</i>	2020	2019	%
Skatttekjur	12,4	12,2	2%
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	3,2	2,6	20%
Aðrar tekjur	1,8	2,5	-27%
Laun og launatengd gjöld	-9,0	-7,4	20%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-0,7	-0,3	166%
Annar rekstrarkostnaður	-6,3	-5,5	14%
<b>Rekstrarhagnaður án afskrifta</b>	<b>1,4</b>	<b>4,1</b>	<b>-66%</b>
Fyrningar	-0,6	-0,5	9%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-1,0	1,6	-
Söluhagnaður og varúðamiðurfærslur	0,2	0,1	49%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>0,1</b>	<b>5,3</b>	<b>-98%</b>



# Efnahagsreikningur bæjarsjóður

## Helstu niðurstöður efnahagsreiknings A-hluta

- Heildareignir bæjarsjóðs námu 41,1 ma.kr. í árslok 2020, aukast um 14% milli ára.
- Varanlegir rekstrarfjármunir nema 24,9 ma.kr. og samanstanda af fasteignum, gatnakerfum og áhöldum og tækjum auk þess sem leigusamningar sem uppfylla skilyrði um eignfærslu eru reiknaðir upp og færðir meðal fastafjármuna. Eignfærslur ársins að frádregnum gatnagerðargjöldum námu 3,3 ma.kr. og fyrningar 0,6 ma.kr.
- Eignarhlutar í félögum nema 3,9 ma.kr og lækka á árinu vegna keyptrar eigin bréfa HS Veitna hf.
- Meðal skuldabréfaeigna og langtímakrafna er eignfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs frá árinu 2017.
- Veltufjármunir nema 10,7 ma.kr., þar af handbært fé 8,0 ma.kr. Veltufjármunir námu 6,3 ma.kr. í upphafi árs.
- Lífeyrisskuldbinding nemur 6,8 ma.kr. og eykst um 543,3 millj.kr. milli ára.
- Langtímaskuldir og leiguskuldir nema 18,2 ma.kr. á árinu, aukast vegna nýrrar lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga ætlaða til endurfjármögnunar skuldar Eignarhaldsfélagsins Fasteign ehf.
- Skammtímaskuldir nema 6,3 ma.kr. á árinu, aukast um 1,2 ma.kr á árinu. Fyrirframinnheimtar tekjur samanstanda að mestu af innheimtum gatnagerðargjöldum vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru en ekki hafnar.
- Eigið fé bæjarsjóðs nemur 9,8 ma.kr. og eiginfjárlutfall er 23,8%.


<i>i ma.kr.</i>	31.12.2020	31.12.2019	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	24,9	22,1	12%
Eignarhlutar í félögum	3,9	4,0	-3%
Skuldabréfaeign og langtímakröfur	1,6	1,6	1%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>30,4</b>	<b>27,8</b>	<b>9%</b>
Óinnheimtar tekjur	1,4	1,0	40%
Aðrar skammtímakröfur	1,3	1,2	12%
Handbært fé	8,0	6,3	28%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>10,7</b>	<b>8,4</b>	<b>27%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>41,1</b>	<b>36,2</b>	<b>14%</b>

	31.12.2020	31.12.2019	%
<b>Eigið fé</b>	<b>9,8</b>	<b>9,7</b>	<b>1%</b>
Lífeyrisskuldbinding	6,8	6,2	9%
Langtímaskuldir og leiguskuldir	18,2	15,1	20%
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>	<b>25,0</b>	<b>21,3</b>	<b>17%</b>
Skuldir við tengd félög	1,9	1,6	18%
Fyrirfram innheimtar tekjur	1,5	1,5	3%
Aðrar skammtímaskuldir	2,9	2,0	42%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>6,3</b>	<b>5,1</b>	<b>23%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>41,1</b>	<b>36,2</b>	<b>14%</b>

# Samanburður við fjárhagsáætlun


## Samanburður við fjárhagsáætlun bæjarsjóðs

- Rekstrarafgangur bæjarsjóðs reyndist 82,6 millj.kr. samanborið við 68,4 millj.kr. rekstrarafgang skv. fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 að teknu tilliti til viðauka við fjárhagsáætlun. Upphafleg fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 463,2 millj.kr. rekstrarafgangi.
- Frávik frá fjárhagsáætlun eru almennt séð óveruleg þegar horft er til þeirra viðauka sem gerðir voru á árinu.



akk

Rekstrarreikningur	Raun	Áætlun	%
Skatttekjur og jöfnunarsjóður	15,5	15,4	1%
Aðrar tekjur	1,8	1,8	1%
Laun og launatengd gjöld	-9,7	-9,2	5%
Annar rekstrarkostnaður	-6,8	-6,4	7%
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>0,8</b>	<b>1,6</b>	<b>-47%</b>
Fjármagnsliðir	-1,0	-1,0	-3%
Aðrir liðir	0,2	0,0	-
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>0,1</b>	<b>0,6</b>	<b>-86%</b>



# Kaflí 3

## Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta og helstu B-hluta félaga




# Rekstrarreikningur A- og B-hluti

## Helstu niðurstöður rekstrarreiknings A- og B-hluta

- Hagnaður A- og B-hluta nam 69,4 millj.kr. á árinu samanborið við 5,6 ma.kr. hagnað árið áður.
- Skatttekjur og jöfnunarsjóður bókast í A-hluta en meðal annarra tekna eru bókaðar tekjur B-hluta fyrirtækja. Þjónustutekjur HS Veitna nema 7,2 ma.kr. á árinu og standa í stað milli ára.
- Laun og launatengd gjöld samstæðunnar aukast um 18% milli ára og annar rekstrarkostnaður um 9%.
- Rekstrarhagnaður án afskrifta nemur 4,4 ma.kr. og dregst saman um 3,0 ma.kr.
- Hrein fjármagnsgjöld nema 2,3 ma.kr. á árinu samanborið við 2,3 ma.kr. ef horft fram hjá tekjufærslu vegna Fjárfestingarsjóðsins ORK á síðasta ári.

<i>í ma.kr.</i>	2020	2019	%
Skatttekjur	12,3	12,1	2%
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	3,2	2,6	20%
Aðrar tekjur	9,5	10,5	-10%
Laun og launatengd gjöld	-10,4	-8,8	18%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-0,7	-0,3	162%
Annar rekstrarkostnaður	-9,5	-8,7	9%
<b>Rekstrarhagnaður án afskrifta</b>	<b>4,4</b>	<b>7,5</b>	<b>-41%</b>
Fyrningar	-1,7	-1,6	8%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-2,3	0,6	-508%
Söluhagnaður og varúðarniðurfærslur	0,1	0,2	-67%
Tekjuskattur	-0,1	-0,3	-68%
Hlutdeild minnihluta	-0,3	-0,8	-65%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>0,1</b>	<b>5,6</b>	<b>-99%</b>





# Efnahagsreikningur A- og B-hluti

## Helstu niðurstöður efnahagsreiknings A- og B-hluta

- Heildareignir A- og B-hluta námu 75,3 ma.kr. samanborið við 68,8 ma.kr. árið áður, aukast 9% milli ára.
- Varanlegir rekstarfjármunir nema 60,4 ma.kr., aukast um 5,4 ma.kr. milli ára, helst vegna framkvæmda við Stapaskóla og hjá HS Veitum.
- Skuldir samstæðunnar aukast á árinu vegna nýrra lántöku bæjarsjóðs. Langtímaskuldir og leiguskuldir nema 33,0 ma.kr í árslok samanborið við 30,1 ma.kr. í ársbyrjun. Aðrar skuldbindingar samanstanda af lífeyrisskuldbindingum og tekjuskattsskuldbindingum hjá HS Veitum.
- Eigið fé samstæðunnar nemur 27,3 ma.kr. og eiginfjárhlu fall er 36%.

<i>i ma.kr.</i>	31.12.2020	31.12.2019	%
Varanlegir rekstrarfj. og óefnislegar eignir	60,4	55,0	10%
Eignarhlutar í félögum	0,6	0,6	0%
Skuldabréfaeign og langtímakröfur	1,6	1,6	1%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>62,7</b>	<b>57,2</b>	<b>9%</b>
Óinnheimtar tekjur	2,5	2,1	16%
Skammtímakröfur og aðrar eignir	1,1	0,9	18%
Handbært fé	9,1	8,5	7%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>12,7</b>	<b>11,6</b>	<b>9%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>75,3</b>	<b>68,8</b>	<b>9%</b>

	31.12.2020	31.12.2018	%
<b>Eigið fé</b>	<b>27,3</b>	<b>24,8</b>	<b>10%</b>
Lífeyrisskuldbinding	6,9	6,3	9%
Tekjuskattsskuldbinding	2,0	2,0	1%
Langtímaskuldir og leiguskuldir	33,0	30,1	9%
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>	<b>41,9</b>	<b>38,5</b>	<b>9%</b>
Fyrirfram innheimtar tekjur	1,6	1,5	3%
Aðrar skammtímaskuldir	4,6	4,0	16%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>6,2</b>	<b>5,5</b>	<b>12%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>75,3</b>	<b>68,8</b>	<b>9%</b>

Reykjanesbær er eigandi að 50,1% hlut í HS Veitum hf. en félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni á Suðurnesjum.

## Helstu rekstrarniðurstöður

- Hagnaður ársins nemur 563 millj.kr. samanborið við 1.592 millj.kr. árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 7,2 ma.kr., standa nokkurn veginn í stað milli ára. Annar rekstrarkostnaður eykst lítillega og rekstrarhagnaður án afskrifta dregst saman um 6% milli ára og nemur 2,5 ma.kr.
- Meðal fjármunatekna á síðasta ári var bókfærð 833,2 millj.kr. tekjufærsla vegna niðurfellingar lífeyrisskuldbindingar í kjölfar dóms Landsréttar, sem útskýrir frávik í hreinum fjármagnsgjöldum milli ára.
- Varanlegir rekstrarfjármunir nema 28,2 ma.kr. í árslok. Nýfjárfestingar nema 1,8 ma.kr. en fyrningar 0,9 ma.kr. Ekkert endurmat fór fram á árinu.

## Önnur mikilvæg atriði

- Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir samkvæmt endurmatsaðferð í samræmi við heimildir alþjóðlega reikningskilastaðla. Félagið endurmat rekstrarfjármuni 2017 og nam endurmatið 4,1 ma.kr. Árlega eru forsendur matsins yfirfarnar og er það mat stjórnenda að ekki sé þörf á breytingu á virði varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2020.

## Rekstrarreikningur

<i>i ma.kr.</i>	2020	2019	%
Rekstrartekjur	7,2	7,2	0%
Laun og launatengd gjöld	-1,3	-1,3	4%
Annar rekstrarkostnaður	-3,3	-3,2	4%
<b>Rekstrarhagnaður án afskrifta</b>	<b>2,5</b>	<b>2,7</b>	<b>-6%</b>
Fyrningar	-1,0	-1,0	5%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-0,9	0,2	-639%
Tekjuskattur	-0,1	-0,3	-68%
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>0,6</b>	<b>1,6</b>	<b>-65%</b>

## Efnahagsreikningur

<i>i ma.kr.</i>	31.12.2020	31.12.2019	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	28,2	27,4	3%
Eignarhlutar í félögum	0,0	0,0	0%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>28,3</b>	<b>27,5</b>	<b>3%</b>
Birgðir	0,5	0,4	7%
Aðrar skammtímakröfur	1,1	1,1	2%
Handbært fé	0,7	1,8	-60%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>2,3</b>	<b>3,4</b>	<b>-31%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>30,6</b>	<b>30,9</b>	<b>-1%</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>14,5</b>	<b>14,4</b>	<b>0%</b>
Tekjuskattsskuldbinding	2,0	2,0	1%
Langtímaskuldir og leiguskuldir	12,5	12,9	-3%
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>	<b>14,5</b>	<b>14,9</b>	<b>-2%</b>
Aðrar skammtímaskuldir	1,6	1,6	-1%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>1,6</b>	<b>1,6</b>	<b>-1%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>30,6</b>	<b>30,9</b>	<b>-1%</b>

## Helstu rekstrarniðurstöður

- Tap tímabilsins nemur 120,5 m.kr. samanborið við 314 þús.kr. hagnað árið á undan. Rekstrarhagnaður án afskrifta nemur 9,0 m.kr., minnkar um 90% milli ára.
- Rekstrartekjur nema 163,9 m.kr. og lækka um 39% milli ára. Seld þjónusta dregst saman um 107,9 m.kr á milli ára vegna færri skipa árið 2020 samanborið við fyrra ár en skipakomum fækkuðu um 33% á milli ára. Leigutekjur aukast um 1,6 m.kr eða 7% en lóðaleiga hækkaði um 0,5 m.kr. og húsaleiga um 1,1 m.kr.
- Launa- og lífeyriskostnaður dregst saman um 13 m.kr. á milli ára eða um 13%. Lækkun lífeyrisskuldbindinga nam 1,3 m.kr. á árinu og laun og launatengd gjöld nema 91,2 m.kr. og lækka um 8,4 m.kr. milli ára. Lækkun lífeyrisskuldbindinga skýrist af því að makalífeyri lækkar vegna andláts og launakostnaður lækkar vegna færri stöðugilda á milli ára.
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nemur 10,9 m.kr. og dregst saman um 6% milli ára m.a. vegna minni sérfræðiráðgjafar t.d. lögfræði og verkfræðiþjónustu.
- Annar kostnaður nemur 54,1 m.kr. og dregst saman um 12% milli ára vegna minni umsvifa við höfnina á árinu ásamt minna viðhaldi á varanlegu rekstrarfjármunum hafnarinnar en reynt var að draga úr öllum kostnaði vegna tekjufallsins á árinu..
- Afskriftir nema 44,4 m.kr. og eru þær svipaðar á milli ára.
- Fjármagnsgjöld hafa aukist um 53% á milli ára en hækkunin skýrst vegna þess að höfnin endurfjármagnaði langtímalánin sín á árinu og vegna þessa gjaldfærðist tölverður vaxtakostnaður vegna uppgreiðslu lána.

## Rekstrarreikningur

<i>i millj. kr.</i>	2020	2019	%
Rekstrartekjur	163,9	270,1	-39%
Laun og launatengd gjöld	-89,9	-102,8	-13%
Annar rekstrarkostnaður	-65,0	-73,2	-11%
<b>Rekstrarhagnaður án afskrifta</b>	<b>9,0</b>	<b>94,1</b>	<b>-90%</b>
Fyrningar	-44,4	-43,7	1%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-84,6	-55,3	53%
Niðurfærsla krafna	-0,6	5,2	-111%
Sérstakt framlag frá Reykjanesbæ	0,0	0,0	-
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>-120,5</b>	<b>0,3</b>	<b>-38410%</b>

## Efnahagsreikningur

<i>i millj. kr.</i>	31.12.2020	31.12.2019	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.284,2	2.280,9	0%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>2.284,2</b>	<b>2.280,9</b>	<b>0%</b>
Aðrar skammtímakröfur	25,5	77,3	-67%
Handbært fé	28,0	108,2	-74%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>53,4</b>	<b>185,4</b>	<b>-71%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.337,7</b>	<b>2.466,3</b>	<b>-5%</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>-1.906,0</b>	<b>-1.761,3</b>	<b>8%</b>
Lífeyrisskuldbinding	115,1	116,4	-1%
Víkjandi lán frá Reykjanesbæ	3.073,2	3.073,2	0%
Langtímaskuldir og leiguskuldir	904,4	680,8	33%
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>	<b>4.092,8</b>	<b>3.870,4</b>	<b>6%</b>
Aðrar skammtímaskuldir	150,9	357,3	-58%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>150,9</b>	<b>357,3</b>	<b>-58%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>2.337,7</b>	<b>2.466,3</b>	<b>-5%</b>

# Kaflí 4

## Ábendingar vegna innra eftirlits og önnur mikilvæg atriði



# Stjórnsýsluskoðun og fjárhagsleg viðmið

## Kröfur um stjórnsýsluskoðun

Samhliða vinnu við endurskoðun ársins 2020 hefur verið kannað hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélagsins og einstakar ákvarðanir þess séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

## Fjárhagsleg viðmið og aðrar reglur um fjármál sveitarfélaga


Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Sveitarfélagið uppfyllir fjárhagsleg viðmið sem sett eru í sveitarstjórnarlögum. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2021 mun skuldaviðmið sveitarfélagsins koma til með að hækka samhliða fjárfestingum vegna nýs grunnskóla en þó vera innan 150% hámarks.


## Aðrar ábendingar og athugasemdir

- Miðað við núverandi aðstæður er óvissa um rekstrarhæfi Reykjaneshafnar sökum mikillar skuldsetningar sem þó er að mestu við bæjarsjóð. Með því að falla frá vöxtum og verðbótum til ársins 2023 hefur betra jafnvægi fengist í rekstur hafnarinnar. Höfnin getur eftir sem áður ekki staðið við skuldir sínar við núverandi aðstæður. Er því ítrekuð ábending síðasta árs að höfninni verði tryggt óskert rekstrarhæfi.
- Samkvæmt fjárhagsáætlun 2021-2025 þá mun Reykjansbær ekki uppfylla fjárhagsleg viðmið sem sett eru í sveitarstjórnarlögum á komandi árum. Þó hefur verið fallið frá þessum kröfum til loka árs 2025 með sérstakri lagabreytingu sem samþykkt var á Alþingi síðasta vor.

Skuldaviðmið



Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili





# Önnur mikilvæg atriði

## Veikleikar í innra eftirliti og aðrar ábendingar

Við höfum komið á framfæri við stjórnendur nokkrum ábendingum og athugasemdum, bæði er varðar innra eftirlit og ferli við gerð reikningsskila og fjárhagsupplýsinga. Helstar eru ábendingar er varðar upplýsingatæknimál og ferli við gerð reikningsskila.

## Endurflokkun leigueigna í samanteknum A og B hluta

Eftir að Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. varð B hluta félag í reikningsskilum sveitarfélagsins þarf að endurflokka þær eignir sem leigðar eru af félaginu úr *Leigueignum* í *Fasteignir og lóðir* í efnahagsreikningi samantekins A og B hluta.

Þessi endurflokkun hefði átt að fara fram á árinu 2020 en ekki lág fyrir áreiðanlegt gangvirðismat á virði eignanna á þeim tíma. Slíkt mat lág fyrir við gerð ársreiknings 2020. Endurflokkunin árið 2020 fer fram á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði hvort sem lægra reynist og mismunur færist í gegnum eigið fé.

Með afskrifuðu kostnaðarverði er átt við upphaflegt kostnaðarverð eignanna þegar þær komu fyrst inn á efnahagsreikning, þá annaðhvort hjá sveitarfélaginu eða félaginu. Frá því eru dregnar uppsafnaðar afskriftar miðað við afskriftarreglur sveitarfélagsins. Samtals voru færðar 2,3 ma.kr. yfir eigið fé í samanteknum reikningsskilum vegna endurflokkunar eignanna.

Á árinu 2021 er fyrirhugað að greiða upp skuldir félagsins og færa umræddar eignir yfir í bæjarsjóð. Verður þá stuðst við áður nefnt gangvirðismat og má því ætla að sérstök tekjufærsla verði færð í bæjarsjóði sem nema svipuðum fjárhæðum og myndast við endurflokkunina.

## Framsetning samantekinna reikningsskila

Reikningsskila- og upplýsinganefnd birt álit í október 2020 er varðar samantekin reikningsskil. Í álitinu kom fram afdráttarlaus túlkun nefndarinnar að samstæðureikningur sveitarfélags skal gerður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Stangast það á við þá túlkun sem stuðst hefur verið við í reikningsskilum Reykjanesbæjar og annarra sveitarfélaga að um „samantekin reikningsskil“ sé að ræða, eins og þau eru skilgreind í reglugerð um reikningsskil sveitarfélaga sem sett er á grundvelli sveitarstjórnarlaga.

Þann 19. mars sl. var birt tilkynning frá nefndinni á vef Stjórnarráðsins þar sem fjallað var um þá óvissu sem fyrir lægi sökum innbyrðis ósamræmi í löggjöf og reglum er snúa að reikningsskilum sveitarfélaga. Ýmist er vísað til samstæðureikningsskila eða samantekinna reikningsskila og því má segja að ekki liggi fyrir með afdráttarlausum hætti hvernig eigi að setja fram reikningsskil fyrir A- og B-hluta.

Af þeim sökum lítur nefndin svo á sveitarfélög geti beitt óbreyttum reikningsskilaaðferðum eins og undanfarin ár þar til veittar verða leiðbeiningar um annað.

Engar breytingar hafa því verið gerðar á framsetningu samstæðu A- og B-hluta í ársreikningnum. Að okkar mati mun það ekki hafa veruleg áhrif á ársreikninginn verði breytt um aðferð að því gefnu að Reykjanesbær kjósi að beita undanþáguheimildum í lögum um ársreikninga um endurmat eigna HS Veitna hf. sem almennt er ekki beitt í reikningsskilum sveitarfélaga.

# Önnur mikilvæg atriði

## Rekstrarhæfi Reykjaneshafnar

Fjárhagsstaða Reykjaneshafnar hefur lengi verið slæm en endurskipulagning á fjármálum hennar hefur staðið yfir undanfarnin ár. Reykjanesbær greiddi upp stærstan hluta skulda við kröfuhafa árið 2017 og eru því nær allar skuldir hafnarinnar við bæinn. Þá ákvað bæjarráð á árinu 2019 að falla frá vöxtum og verðbótum á láninu fram til ársins 2023.

Samtals skuldar höfnin 4,0 ma.kr. ef frá eru taldar lífeyrisskuldbindingar og skammtímaskuldir. Er óumdeilt að núverandi tekjur hafnarinnar standa ekki undir þessum skuldum. Óvissa ríkir um rekstrarhæfi miðað við núverandi skuldastöðu. Reikningsskil hafnarinnar eru þó gerð miðað við að forsendan um rekstrarhæfi sé til staðar. Bundnar eru þó vonir við að frekari uppbygging í Helguvík muni styrkja tekjurgrunn hafnarinnar og skuldaþol hennar.

Samkvæmt hafnarlögum skal rekstrarformi hafnar breytt þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir.

## Óvissar kröfur

Bæjarsjóður á kröfu á hendur Reykjaneshöfn í formi víkjandi láns sem nemur 3,0 ma.kr. í árslok. Krafan er niðurfærð að fullu. Teljum við litlar líkur til frekari greiðslna upp í kröfur bæjarins ef tekið er mið af skuldaþoli hafnarinnar.

Bæjarsjóður á kröfu á hendur Almennum íbúðum hses. sem nemur 389,5 millj.kr. og Fasteignum Reykjanesbæjar ehf. sem nemur 397,1 millj.kr. Rekstur síðarnefnda félagsins er ætlað að standa undir skuldum beggja félaga við Reykjanesbæ. Kröfurnar eru ekki færðar varúðarniðurfærslu enda líklegt að félagið geti greitt skuldir sínar með sölu á eignum úr eignasafni. Slík sala er þó háð óvissu og þannig óvissa um endurheimtur bæjarins á kröfum sínum.

## Endurskoðun B hluta félaga

Við viljum benda á að skv. 99 gr. laga um ársreikninga er kveðið á um að sami endurskoðandi sé í móðurfélagi og dótturfélagi sé þess nokkur kostur. Af B-hluta félögum sveitarfélagsins er Grant Thornton endurskoðun ehf. eingöngu endurskoðendur Reykjaneshafnar.

## Félög í meirihluta eigu utan samstæðu

Skv. ársreikningalögum skal félag teljast dótturfélag sem er undir yfirráðum annars félags. Yfirráð eru fyrir hendi ef félagsaðili hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn dótturfélagsins. Jafnan er lítið svo á að félag teljist dótturfélag ef farið er með meirihluta atkvæða í félagi.

Reykjanesbær hefur ekki flokkað eftirfarandi félög sem B hluta félög, þrátt fyrir að teljast meirihluta eigandi, og eru þau því ekki hluti af samstæðu A og B hluta:

*Sorpeyðingarstöð Sudurnesja sf.* Samkvæmt samþykktum félagsins getur bærinn ekki skipað meirihluta stjórnar félagsins, þrátt fyrir að eiga 70,9% hlut í félaginu.

*Brunavarnir Sudurnesja bs.* Samkvæmt samþykktum félagsins getur bærinn ekki skipað meirihluta stjórnar félagsins, þrátt fyrir að eiga 71,3% hlut í félaginu.

Þá er það tekið fram að Almennar íbúðir hses er sjálfseignarstofnun og telst þannig ekki til B hluta sveitarfélagsins. Sjálfseignarstofnunin er eigandi Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. sem á og rekur félagslegt íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins



© 2020 Grant Thornton International Ltd. All rights reserved.

Grant Thornton® refers to the brand under which the Grant Thornton member firms provide assurance, tax and advisory services to their clients and/or refers to one or more member firms, as the context requires.

Grant Thornton endurskoðun ehf. is a member firm of Grant Thornton International Ltd (GTIL). GTIL and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered by the member firms.

GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.

[www.grantthornton.global](http://www.grantthornton.global)